

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um starfsemi Evrópustofu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Á hvaða lögum byggist starfsemi Evrópustofu?
2. Greiða starfsmenn Evrópustofu skatta hér á landi?
3. Hvað eru starfsmenn Evrópustofu margir?
4. Hvernig er tryggt samkvæmt íslenskum rétti að Evrópustofa stundi hlutlausan málflytning í kynningarstarfi sínu?
5. Eiga andstæðingar Evrópusambandsaðildar hér á landi þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í kynningarstarfi Evrópustofu?
6. Ef Evrópustofa byggir starfsemi sína á ákvæðum Vínarsamningsins, er þá eðlilegt að Evrópusambandið hafi einnig sendiráð hér á landi (sem er kallað sendinefnd en hefur stöðu sendiráðs)?

**Skriflegt svar óskast.**